

**Sp.**

**488. Tillaga**

til þingsályktunar um símagjöld í Reykjavík.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að halda óbreyttum talsímagjöldum í Reykjavík og Hafnarfirði eins og þau voru í Reykjavík síðastliðið ár.

**Greinargerð.**

Það hefir verið auglýst mjög mikil hækkun á talsímagjöldum í Reykjavík og Hafnarfirði frá áramótum. Má telja víst, ef þessi gjaldhækkun kæmi til framkvæmda, að fjöldi símanotenda hætti að hafa síma, sem gæti orðið bæjarsímanum mjög tilfinnanlegt, og er því óvíst, að sú hækkun svari kostnaði, auk þess sem sjálfvirka stöðin var byggð með það fyrir augum, að notkun símans yrði þægilegri og viðtækari, en ekki dýrari, og ætti ríkisstjórnin því bæði vegna hagsmuna ríkissjóðs og notenda símans að halda gjöldunum óbreyttum.